

unni, en öðrum svipar alls ekki til hennar. Langflestari flóðsögur meðal villimanna hafa fundist í munnumælum Indíánanna í Ameríku, en fæstar aftur í Afríku. Sú tilgáta hefir komið fram, að þar sem vatnshlöð séu árlegir viðburðir hafi engar flóðsogur myndast, vegna þess að mjög algengir viðburðir veki enga undrun. Óvanalega mikil og sjaldgæf flóð ættu þá að vera orsök flestra flóðsagna.

Menn vita nú, að á lægri þekkingarstigum mannkynsins, áður en menn læra að skilja hinum réttu orsakir flestra náttúruviðburða, er ekkert algengara en að allir slíkir viðburðir séu beinlínis skoðaðir sem sérstakar athafnir einhverra guða. Vatns- og sjávarflóð eru tiltölulega algengir viðburðir á láglendi, við stórfjót og sjávarstrendur um allan heim. Oftast fylgir þeim eyðilegging á eignum og lífi. Það er því sízt að undra, þó sagnir hafi myndast mjög víða um þessa viðburði; og að þeir hafi verið eignaðir reiði guðanna. Menn hafa ekki getað ímyndað sér að guðirnir létu slíka eyðileggingu koma yfir nema þeir væru mönnunum reiðir. Og þar sem síðferðis hugmyndir manna eru komnar á tiltölulega hátt stig er tilgreint, hver orsókin til reiðinnar sé; hún er vanalega syndir og ranglæti manna. Í raun og veru eru sögur þessar merkilegar og margt má af þeim læra viðvirkjandi trú, síðferði og hugsunarhætti þeirra, sem þær urðu til hjá. Þær eru að eins fjarstæðufullar, ef því í þeim er trúað, sem vísindin hafa sannað að ómögulega hefir getað átt sér stað, eins og t. d. að flóð hafi náð yfir alla jörðina og að alt líf, nema það sem bjargaðist í stóru skipi, hafi farist. Flóðsagan í bíblíunni er mjög vel skiljanleg, þegar hún er ættfærð til gömlu babylónisku sögunnar, sem menn vita að átti mjög svo eðlilegan uppruna. En eins og hún stendur í bíblíunni, sem sönn lýsing á viðburði er hún auðvitað hreinasta fjarstæða. Og jafnvel þeim, sem trúua stranglega á innblástur bíblíunnar, dettur nú ekki í hug að neita því.